

„Allar rásir uppétnar...”

BÆKUR

(M)orð og myndir

eftir Sindra Freysson og Hákon Pálsson. 95 bls. JPV-útgáfa, 2006.

Frá öröfi alda hefur dauðinn verið viðfangsefni skálda og listamanna. Hann hefur t.d. birst sem dularfull, kufklædd vera, slyngur sláttumaður eða sem lostafullur djöfull, ávallt óboðinn og oftast óvelkominn. Eftir því sem læknávisindunum fleygir fram hefur dauðinn í raunverulegri mynd sinni orðið æ fjarlægari nútímamönnum. Sjúkdómar, þjáning og dauði tilheyra nú stofnunum og sérfræðingum og um leið og öndin líður úr nösunum er líkið fjarlægt og sett í kæli. Yrkisefni Sindra Freyssonar í nýrri ljóðabók, (M)orð og myndir, er dauðinn frá nútímalegri hlið og prýða ljósmyndir Hákonar Pálssonar bókina. Þær eru áhrifamiklar, hráar og kuldalegar og jafnvel grimmar en falla einkar vel að textanum svo úr verður skemmtilegt samspil orða og mynda. Umbrotið er líka sérlega smart og frumlegt, líkt og í annari ljóðabók Sindra, *Harði kjarninn (njósnir um eigið líf)*, sem út kom 1999 og innihélt hörkugóð ljóð. Það fer oft vel á því að láta útlit og innihald styðja hvort annað í (ljóða)bókum sem bæði gerir þær eigulegri og eykur þær jafnvel nýjum víddum.

Í (M)orð(um) og myndum eru allmörg ljóð, stutt og snaggaraleg og flest í íronískum tón. Fjallað er um dauðann frá ýmsum sjónarhornum, ljóðið *Rúmrusk* lýsir t.d. angist og sorg þess sem eftir lifir (80), *Frágangur* fjallar um það þegar lík er búið til kistulagningar (88-89) og *Efnahvörf* lýsa því sem gerist þegar líkið er brennt (84). Algeng fóbía eða martröð um kyrrsetningu er klædd í orð í kaldhæðnu ljóði sem ber heitið *Fullkomið myrkur*, *fullkomin þögn* og hefst svo: „Kassinn er um tveir metrar á lengd / og hálfur metri á breidd / frá botni til loks eru um fjörutíu sentimetrar...” (63).

Víða eru skírskotanir eða vísanir í titlum ljóðanna sem auka við dýpt þeirra, t.d. í *100% bílalán*:

Gleraugun héluð
Ísdropar í vikugömlu skegginu
Varirnar fela ekki tannaglamrið
Vill sofna í snjóskafli
Í falsskjóli frá deydandi
höndum vindsins
Afturljós jeppans depla
rauð í skurðinum
og breyta rúðumylsnunni í
blóðdropa
(41)

Kaldhæðin kímni einkennir ljóðin öðru fremur. Margs konar tabú tengjast dauðanum í fortíð og nútíð en í ljóðunum er ráðist að þeim af miklum krafti. Sem dæmi mætti taka *Halló! Heyrirðu í mér?*

Á hverju leiði er loftnet
en símasambandið slæmt
svona á milli tveggja heima
eins og farsímarisarnir hafi ekki eygt
þennan rotnandi markhóp
og sorgmæddar raddirnar
sem kalla yfir kirkjugarðinn

Í augnablikinu er viðtakandi
utan þjónustusvæðis
eða allar rásir uppétnar
(48)

Ljóð Sindra um dauðann í nútímanum eru hreinskilnisleg og hrá. Þau draga upp afar óljóðræna og raunsæja mynd af dauðanum eins og mynd á bókarkápu ber með sér. Ljóðin eru kjarnyrt og orðanotkun víða frumleg og skapandi, s.s. „rúðumylsna“ og „rotnandi markhópur“. Myndmálið er einfalt, beinskeytt og jarðbundið (!). og hér kemur e-ð pönslæn...!